

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 314/1997.

Hilmar Bjarnason ehf.

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Arnarborg ehf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1997 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.198.757 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. apríl 1996 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í hér- aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um greiðslu á reikningi, að fjárhæð 1.198.757 krónur, fyrir verk, sem hann vann við breytingar og lagfæringar á raflögn í verslunarhúsi stefnda við Þönglabakka 1 í Reykjavík. Er reikningurinn sundurliðaður þannig, að 556.760 krónur eru fyrir vinnu í samtals 366 klukkustundir, 390.497 krónur fyrir efni og 15.600 krónur fyrir akstur. Þar við bætist virðisauka- skattur, að fjárhæð 235.900 krónur.

Með samningi 4. september 1995 tóku Garðakaup hf., síðar Kaupgarður í Mjódd ehf., á leigu hjá stefnda verslunarhúsnæði á 1. hæð og hluta kjallara í húsi þessu. Þegar leigutíminn hófst, var raf- orka til Garðakaupa hf. mæld á mæli, sem einnig var notaður fyrir aðra leigjendur. Vegna óánægju með mikinn rafmagnskostnað kom Ólafur Torfason, framkvæmdastjóri Garðakaupa hf., nú Kaupgarðs í Mjódd ehf., að máli við fyrirsvarsmann áfrýjanda, Hilmar Bjarna- son, og spurðist fyrir um leiðir til úrbóta.

Hilmar skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði í framhaldi af

framangreindu aflað uppdrátta frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þegar þeir hafi legið fyrir, hafi Óttarr Halldórsson, framkvæmdastjóri stefnda, verið kallaður á fund í nóvember 1995. Á fundi þessum hafi verið Ólafur Torfason, Hilmar, Óttarr og maður á vegum hins síðastnefnda. Hilmar kvaðst hafa gert Óttari grein fyrir, að fjölga þyrfti mælum um fjóra, þar eð fimm leigjendur væru um þann mæli, sem fyrir var. Um viðbrögð Óttars sagði Hilmar: „Það kom raunverulega ekkert annað fram en það, að hann talaði um það, að það þyrfti að halda áfram í málinu.“ Um verð eða skilmála hafi ekki verið rætt. Ólafur Torfason fullyrti hins vegar í framburði sínum fyrir dómi, að eftir að Hilmar hefði lagt málið fyrir, hefði Óttarr sagst ætla að „taka þetta að sér og greiða þetta. Gera þetta á sinn kostnað, orðaði hann það ...“.

Óttarr Halldórsson bar fyrir dómi, að á fundinum hefði hann hitt Hilmar í fyrsta sinn, en hann hefði verið „rafvirki Ólafs“. Óttarr kannaðist við, að þeir Hilmar og Ólafur hefðu þá kynnt sér hugmyndir um breytingar á raflögnum, en þvertók fyrir að hafa samþykkt að skipta lögnum í samræmi við óskir leigutaka. Kvaðst Óttarr hafa tekið fram, að kostnaðaráætlun þyrfti að liggja ljós fyrir, ef eitthvað þyrfti að gera. Fjórði maðurinn, sem sótti fundinn, var Benedikt Ragnarsson rafeindavirki, en hann er frændi Óttars. Er framburður hans um þetta á sömu lund og frásögn Óttars.

Telja verður ósannað gegn andmælum Óttars Halldórssonar, að hann hafi á fundinum í nóvember 1995 falið áfrýjanda verkefni það, sem málið er risið af, eða lofað, að stefndi bæri kostnað af því.

II.

Samkvæmt vinnuskrám, sem fylgja reikningi áfrýjanda, vann Hilmar Bjarnason alls 19 klukkustundir við umdeilt verk á tímabilinu frá 15. til 28. nóvember 1995. Síðan lágu framkvæmdir niðri þar til í byrjun janúar 1996, er aðrir starfsmenn áfrýjanda hófu vinnu á staðnum.

Ekki er ljóst, hvort fyrirsvarsmenn stefnda fylgdust með, hvenær verkið hófst, en Óttarr Halldórsson kveðst hafa hringt í Ólaf Torfason nokkrum dögum fyrir 18. janúar 1996 og spurt, hvort þeir ættu ekki að ræða þessi mál til enda, því að hann væri með rafvirkja, sem væri laus í febrúar. Hinn 18. janúar var haldinn fundur í leiguhús-

næðinu, og voru þar auk Óttars og Ólafs Hilmar Bjarnason og annar starfsmaður áfrýjanda svo og Einar M. Kristjánsson rafvéla-virkjameistari, sem kom með Óttari. Viðstaddur var enn fremur Guðmundur Y. Pálmason rafverktaki, sem þangað var boðaður af Rekstrarfélaginu hf., en það átti einhvern hluta kjallara hússins. Samkvæmt vinnuskrám áfrýjanda höfðu starfsmenn hans 17. janúar 1996 unnið alls 148 klukkustundir frá 15. nóvember 1995, en síðan bættust við 218 stundir. Urðu því unnar stundir við verkið, eins og áður greinir, alls 366, en því lauk 13. febrúar 1996, að því er ráða má af vinnulistum. Á fundinum var Óttari og Einari kynnt það, sem unnið hafði verið. Brást Óttarr þannig við, að síðar sama dag sendi hann Ólafi Torfasyni svohljóðandi símskeyti: „Eftir fund okkar í morgun er ljóst, að þú hefur hafið framkvæmdir við meiri háttar breytingar á raflögnum Þönglabakka 1. Framkvæmd þessi er gerð án minnar vitundar og samþykkis og kostnaður því allur á þína ábyrgð.“

Eftir að Ólafur Torfason fékk símskeytið, hafði hann samband við Óttar og óskaði eftir frekari viðræðum um málið. Sendi Óttarr honum þá símbréf þess efnis, að hann hefði falið Benedikt Skarphéðinssyni byggingartæknifræðingi að „sjá um þetta mál fyrir Arnarborg hf.“. Er símbréfið dagsett 24. janúar 1996. Fáeinum dögum síðar boðaði Ólafur Torfason Hilmar Bjarnason á fund að Þönglabakka 1. Auk þeirra sótti Benedikt Skarphéðinsson fundinn. Eftir vinnuskýrslum að dæma virðast á þessum tíma að minnsta kosti 64 vinnustundir hafa bæst við fyrrnefndar 148 stundir, sem unnar höfðu verið 17. janúar, og var því ólokið 154 stundum af verkinu. Ólafur og Hilmar skýrðu báðir svo frá fyrir dómi, að Óttarr Halldórsson hefði einnig sótt síðari fundinn, en í skýrslu fyrir dómi þvertók hann fyrir að hafa verið á fundinum, heldur hefði Benedikt verið þar einn fyrir hönd stefnda. Er það í samræmi við framburð Benedikts, sem segir Óttar hafa falið sér að fá kostnaðaráætlun um verkið. Benedikt kvað sér hafa verið sýnt, hvað búið væri að vinna, og hefði sér verið tjáð á fundinum, að verkið myndi í heild kosta um 1.100.000 krónur. Einnig hafi hann komist að því, að álagning áfrýjanda á efni til verksins væri 35 til 40%. Þá hafi hann spurst fyrir um, hvort ekki mætti „breyta þessu eitthvað“, en því hafi algerlega verið hafnað. Hafi hann skýrt Ólafi og Hilmar frá því, að verk-

ið væri „alfarið á þeirra ábyrgð“, og farið af fundinum við svo búið. Eftir það hafi hann ekkert heyrt um verkið, fyrr en hann var kallaður fyrir dóm. Ekki verður séð, að Óttarr Halldórsson hafi við skýrslugjöf fyrir héraðsdómi verið inntur eftir, hvort hann hafi fylgst með eða haft afskipti af störfum á vegum áfrýjanda í húsi stefnda, eftir að síðastnefndur fundur var haldinn.

Samkvæmt framburði Hilmars Bjarnasonar fyrir héraðsdómi tvíspurði hann Óttarr Halldórsson á fundinum 18. janúar 1996, „hvort við héldum ekki bara okkar striki“. Ekki kom skýrt fram í skýrslu Hilmars, að Óttarr hefði svarað spurningunni, en í skýrslunni sagði Hilmar þó: „Við höldum bara okkar striki, eins og um var talað og Óttarr samþykkti það.“ Hins vegar er óljóst, hvenær það samþykki hafi átt að hafa komið fram. Hefur þessi fullyrðing Hilmars um samþykki Óttars ekki stoð í gögnum málsins, ef undan er skilin áðurgreind staðhæfing Ólafs Torfasonar um, að Óttarr hafi á fundinum í nóvember 1995 sagst „ætla að taka þetta að sér og greiða þetta“.

Pegar litið er til þess, sem nú var rakið, þykir áfrýjandi ekki hafa sannað, að stefndi hafi berum orðum samþykkt, að áfrýjandi ynni umdeilt verk á kostnað stefnda. Þótt framkvæmdastjóra stefnda hafi að minnsta kosti frá því í janúar 1996 verið kunnugt um, að áfrýjandi hafði með höndum breytingar á raflögn í húsnæði stefnda og jafnvel verið til viðræðu um að taka þátt í kostnaði af því, svo sem í héraðsdómi greinir, verður ekki talið, að framkvæmdastjórinn hafi með framkomu sinni gefið áfrýjanda ástæðu til að halda áfram framkvæmdum í trausti þess, að stefndi stæði straum af kostnaði við verkið. Ekki er sýnt fram á, að önnur atvik leiði til þess, að stefnda sé skylt að greiða áfrýjanda kröfu hans. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hilmar Bjarnason ehf., greiði stefnda, Arnarborg ehf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. maí 1997.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 31. 8. 1996, og dómtekið 22. þ. m.

Stefnandi er Hilmar Bjarnason ehf., kt. 580893-2529, Daltúni 1, Kópavogi.

Stefndi er Arnarborg hf., kt. 700993-2809, Safamýri 2, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.198.757 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 4. 4. 1996 til greiðsludags og málskostnaðar.

2. Málavöxtum er lýst þannig í stefnu:

Í nóvember 1995 var farið þess á leit við stefnanda, sem er löggilt rafverktakafirma, að annast framkvæmdir í fasteign stefnda að Pönglabakka 1, Reykjavík. Á fundi í Pönglabakka 1, þar sem voru Hilmar Bjarnason, forsvarsmaður stefnanda, Ólafur Torfason, forstjóri Kaupgarðs í Mjódd hf., og Óttarr Halldórsson, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri stefnda, var farið yfir, hvernig unnt væri að bæta úr rafmagnsmálum, svo að viðunandi yrði fyrir stefnda sem húseiganda og Kaupgarð í Mjódd hf. sem leigutaka. Voru rafmagnsmál í ólestri í fasteigninni. Var einn mælir fyrir alla fasteignarhluta stefnda í Pönglabakka 1, sem gerði það að verkum, að rafmagnskostnaður var mun hærri en eðlilegt var og auk þess erfitt að skilgreina rafmagnsnotkun fyrir sameign hússins. Afleiðingar þess voru þær, að hluti sameiginlegs rafmagns lenti á eignarhluta stefnda í fasteigninni. Hafði þessi háttur verið hafður á í upphafi, þegar ekki voru fleiri eigendur og/eða leigutakar að fasteigninni eða einstökum hlutum hennar.

Á téðum fundi hafði forsvarsmaður stefnanda meðferðis teikningar af raflögnum fasteignarinnar og annað, sem skipti máli við að útskýra, hvernig haganlegast væri að koma raflögnum fyrir m. t. t. hagsmuna stefnda og leigutaka hans. Varð að samkomulagi að gera téðar breytingar á raflögnum við fyrsta hentugt tækifæri.

Í janúar 1996 hóf stefnandi framkvæmdir við raflagnir í húseign stefnda. Hinn 24. janúar sendi Óttarr Halldórsson handritað fax til leigutaka, Kaupgarðs í Mjódd/Ólafs Torfasonar. Þar segir m. a.:

„Efni: breytingar á raflögnum Pönglabakka 1.

Ég hef falið neðangreindum aðila að sjá um þetta mál fyrir Arnarborg hf.

Benedikt Skarphéðinsson ...“

Í framhaldi þessa telefax lét leigutaki stefnanda vita um þátt téðrar verkfræðistofu og samráð skyldi hafa við hana. Téður Benedikt Skarphéðinsson kom á verkstað, eins og búist var við, og fóru starfsmenn stefnanda yfir verkið og útfærslu þess með téðum Benedikt. Gerði hann engar sérstakar

athugasemdir og lét sér vel líka það, sem fyrir augu bar. Gerði hann ekki vart við sig síðar á verkstað.

Um það bil hálfum mánuði síðar hittust starfsmenn stefnanda og Óttarr Halldórsson á verkstað. Með Óttari var maður að nafni Einar, er var kynntur sem rafvirki, er unnið hefði ýmis rafmagnsverk fyrir stefnda og Óttar. Fór Óttarr þess á leit við stefnanda, að téður Einar mætti vinna við verkið ásamt stefnanda. Var það samþykkt af hálfu stefnanda, enda myndi þá verkinu ljúka fyrr. Á verkstað fóru fundarmenn að aðaltöflu hússins. Þar voru fyrir rafvirki Landsbankans, Guðmundur Pálmason að nafni, og hús-vörður Rekstrarfélags Landsbankans, Oddgeir Halldórsson. Var rætt um, hvernig skipta skyldi kostnaði á milli rekstrarfélagsins og stefnda. Voru aðilar sammála um, að Hilmar Bjarnason ehf. ynni allt verkið. Þeir Guðmundur og Oddgeir voru áheyrendur að því, sem fram fór, um fyrirhugaðan þátt Einars í framkvæmdunum og almennt um það, sem fór á milli Óttars og starfsmanna stefnanda. Þar sem liðið var nokkuð á vinnuvikuna, varð að ráði, að téður Einar myndi koma til vinnu næstkomandi mánudag. Er skemmst frá því að segja, að Einar þessi lét ekki sjá sig, hvorki þá né síðar.

Í framhaldi þessa vann stefnandi verkið og skilaði því í lok febrúar 1996. Gerði stefnandi þá reikninga, dags. 4. mars 1996, til Rekstrarfélags Landsbankans og stefnda. Hinn 13. mars 1996 sendi stefndi stefnanda bréf og endursendi þar hinn umstefnda reikning, þar sem „Arnarborg hf. hefur ekki gert neinn verksamning við yður og því síður óskað eftir viðskiptum“. Stefnandi varð að vonum afar hissa yfir þessari framkomu stefnda og reyndi margsinnis, m. a. með hjálp leigutakans, Kaupgarðs í Mjódd hf., að fá greiðslu úr hendi stefnda, en án árangurs.

6. ágúst sendi lögmaður stefnanda stefnda innheimtubréf. Því bréfi var svarað 13. ágúst og kröfunni þar vísað á bug. Hinn 19. ágúst sendi lögmaður stefnanda lögmanni stefnda bréf og lét fylgja í afriti telefax Óttars Halldórssonar f. h. stefnda, sem fyrr er vikið að. Afstaða stefnda breyttist þó ekki, og er stefnandi því knúinn til þess að höfða mál þetta til heimtu ógreiddra verklauna.

Krafa stefnanda er studd reikningi nr. 581, dags. 4. mars 1996, að fjárhæð 1.198.757 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Lögð var fram yfirlýsing Hilmars Bjarnasonar, lögglits rafverktaka, dags. 21. 10. 1996, vegna skiptingar á rafmagni í Þönglabakka 1. Þar segir, að mælingu hafi verið svo háttáð, að um einn mæli hafi verið að ræða fyrir kjallara og 1. hæð (verslunarhæð), sem Kaupgarður í Mjódd hafi greitt af, þrátt fyrir það að um fleiri notendur væri að ræða. Orðið hafi að setja upp nýja töflu

og mæla fyrir: 1) KÁ-ESS-kjötvinnslu í kjallara, 2) stóra kælivél, sem er sameiginleg með Kaupgarði og KÁ-ESS-kjötvinnslu, 3) pláss í kjallara, sem Landsbankinn hefur afnot af (eða á), 4) vörumóttöku í kjallara, sem er sameiginleg fyrir ofangreinda aðila, 5) fólkslyftu og stigagang í austanverðu húsinu, sem nokkrir aðilar hafa not af, þ. e. Bridgesambandið, Keiluhöllin, KÁ-ESS-kjöv. og Kaupgarður í Mjódd. – Breyta hafi þurft raflögnum nokkuð, færa til lagnir og bæta við nýjum kvíslum, til að unnt væri að skipta rafmagni upp, eins og eðlilegt er. Efni og vinna skiptist þannig: Landsbankinn 62.590 + vsk. 15.334 = 77.924, stigahús 64.600 + vsk. 15.827 = 80.427, Arnarborg hf. 835.667 + vsk. 204.739 = 1.198.757 (þessi tala hefur misritast, á að vera 1.040.406 kr., en heildarsamtala nemur 1.198.757, – innskot dómara). „Samkomulag var um, að verkbeiðandi myndi krefja aðra notendur um sinn hluta. Það skal einnig tekið fram, að Kaupgarður í Mjódd hf. gat aldrei nýtt sér þá hagræðingu, sem aflmæling býður upp á. Aftloppur af mæli fyrir breytingar reyndist fara allt upp í 215 ein., og samkvæmt reglum ber að greiða fyrir þá notkun allt árið, jafnvel þótt þessi mæling sé einungis í örfáar sek. einu sinni á tímabilinu. Eftir uppsetningu sérmæla féll aftloppurinn hins vegar niður í 165 ein., þ. e. notkunin lækkaði um ca. 20%.“

3. Stefndi kveðst samkvæmt því, sem frá er skýrt í greinargerð, hafa keypt 1. hæð fasteignarinnar Pönglabakka 1 í Reykjavík ásamt tilteknu rými í kjallara af Landsbanka Íslands. Gerður hafi verið leigusamningur um 1. hæð við Kaupgarð í Mjódd hf. frá og með 1. september 1995. Í þeim samningi hafi líkt og í eldri leigusamningi við Sigrúnu hf. verið sérstakt ákvæði um greiðslu fyrir raforkunotkun. Í nóvember 1995 hafi það komið upp, að tiltekin raforkunotkun í sameign fasteignarinnar hefði verið tengd inn á raforkumæli 1. hæðar. Stefndi (les Óttarr Halldórsson) hafi þá ásamt Benedikt Ragnarssyni rafvirkja átt fund með forsvarsmanni leigutaka 1. hæðar, Ólafi Torfasyni, og Hilmari Bjarnasyni rafvirkja, sem þá hafi virst vera að vinna fyrir Kaupgarð í Mjódd hf. Á þessum fundi hafi verið kynnt fyrir stefnda ástand rafmagnsmála, en engar tillögur hafi þar verið ræddar um úrbætur. Tekið hafi verið fram við Ólaf Torfasón, að ekki yrði farið af stað með neinar framkvæmdir, sem stefndi ætti að bera kostnað af, nema samþykki hans lægi fyrir. Auk þess væri nauðsynlegt að gera teikningar að breytingunum og kostnaðaráætlun byggða á þeim, svo að leita mætti tilboða í framkvæmdina. Hvorki á þessum fundi né síðar hafi stefndi falið leigutaka sínum, Kaupgarði í Mjódd hf., forsvarsmönnum þess fyrirtækis eða Hilmari Bjarnasyni rafvirkja að hefjast handa um úrbætur, þar sem

hann hafi talið nauðsynlegt að kynna stöðu mála fyrir Landsbanka Íslands, sem selt hafði honum fasteignina með þessum galla, er leitt hafi til þess, að fyrri leigutaki, Sigrún hf., hefði greitt hluta sameiginlegs rafmagns vegna Þönglabakka 1, og kynni því að eiga endurkröfu á aðra eigendur.

Stefndi kveðst hafa komið til fundar við Ólaf Torfason 18. janúar 1996, ásamt Einari Kristjánssyni rafvirkja og þá komist að raun um, að verkið var í fullri vinnslu. Af gögnum máls þessa sé ljóst, að þá hafi stefnandi og starfsmenn hans verið búnir að vinna í eina 24 daga og skrá á það 157 unna tíma. Þegar stefndi hafi orðið þess var, að stefnandi væri að vinna við raflögnina, án þess að fyrir sig sem eiganda hefðu verið lagðar teikningar að breytingum og einhverjar áætlanir um kostnað við verkið, kveðst hann hafa sent Ólafi Torfasyni fyrir hönd Garðakaupa hf. símskeyti 18. janúar 1996, þar sem því hafi verið lýst yfir af sinni hálfu, að öll vinna við breytingar á raflögn að Þönglabakka 1 væri á ábyrgð leigutaka. Ólafur hafi þá óskað eftir viðræðum um málið og stefndi svarað þeirri ósk með því að tilkynna honum með símbréfi 24. janúar 1996, að Benedikt Skarphéðinsson verkfræðingur væri að vinna að þessum málum fyrir hans hönd.

Stefndi kveður nefndan Benedikt ekki hafa fengið nein gögn um framkvæmdina eða áætlaðan kostnað, þegar hann hafi hitt stefnanda (les: Hilmar Bjarnason) undir lok janúarmánaðar 1996, en þá hafi stefnandi verið búinn að skrifa eina 85 tíma á verkið til viðbótar við það, sem var 18. janúar. Benedikt hafi hvorki samþykkt eitt eða neitt af því, sem stefnandi sagðist vera búinn að gera, né hafi hann heldur falið honum að ljúka verkinu, enda ekki haft til þess neitt umboð að skuldbinda stefnda, sem hafi á þessum tíma staðið frammi fyrir nánast fullunnu verki.

4. Málsástæður stefnanda eru þær, að framkvæmdastjóri stefnda og prókúruhafi hafi gert munnlegan verksamning við stefnanda um tiltekið verk í þágu stefnda við fasteign stefnda að Þönglabakka 1, Reykjavík. Stefndi sé því skuldbundinn til þess að greiða stefnanda verklaun auk efnis þess, sem notað var til verksins. Þá bendir stefnandi á, að höfnun stefnda á greiðslu sé ekki rökstudd með vísan til þess, að verkið hafi ekki verið nægjanlega vel unnið eða að það sé haldið göllum.

Stefndi reisir syknukröfu sína á því, að hann sé ekki réttur aðili málsins, þar sem hvorki hann né nokkur, sem haft hafi umboð frá sér, hafi samið við stefnanda um, að hann tæki að sér vinnu við raflögn í húsnæði hans að Þönglabakka 1. Af gögnum málsins verði helst ráðið, að viðsemjandi stefnanda hafi verið leigjandinn Kaupgarður í Mjódd hf.

Fari svo ólíklega, að stefndi teljist skuldbundinn gagnvart stefnanda, kveðst hann mótmæla kröfum stefnanda sem of háum og órökstuddum.

Pannig hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn um framkvæmdina, svo sem teikningar að nauðsynlegum breytingum á raflögninni, nákvæmt yfirlit um það, hvað fylgi sérstaklega eignarhluta stefnda og hvað sameign hússins eða öðrum séreignarhlutum í húsinu.

5. Frá því í byrjun september 1995 hefur Kaupgarður í Mjódd hf. leigt húsnæði af stefnda undir verslunarrekstur sinn í Pönglabakka 1, Reykjavík, 1. hæð og hluta af kjallara, en þar var einnig KÁ-ESS-kjötvinnsla sem leigjandi. Þær aðgerðir stefnanda, sem um ræðir í málinu, tengjast einkum raforkunotkun síðarnefnds fyrirtækis og háum toppum aflmælingar, sem leiddi af henni, til tjóns fyrir Kaupgarð í Mjódd hf.

Kaupgarður í Mjódd hf. kom sem leigjandi stefnda í stað fyrirtækisins Sigrúnar hf. Óttarr Halldórsson bar fyrir dóminum, að leigusamningar hefðu verið óbreyttir frá því, sem verið hefði, meðan Landsbanki Íslands var eigandi húseignarinnar. Hann kvað aldrei hafa staðið til, að farið væri út í meiri háttar breytingar á rafmagnskerfi, enda engin þörf á þeim, sérstaklega þar sem KÁ-ESS-kjötvinnsla hefði sagt upp leigusamningi sínum með sex mánaða fyrirvara frá og með 1. október 1995 og farið úr húsnæðinu 1. apríl 1996, skömmu eftir að hinum umdeildu breytingum lauk.

Ólafur Torfason kvaddi Hilmar Bjarnason, löggiltan rafverktaka, að hinu umdeilda verki, og undirbúningsaðgerðir voru hafnar í umboði Kaupgarðs í Mjódd hf. Þá fékk hann Óttarr Halldórsson til að sækja fundi á verkstaðnum í nóvember 1995 og 18. janúar 1996. Um orðaskipti Hilmars og Óttars á þeim fundum eru frásagnir þeirra ósamhljóða. Hilmar bar, að svo hefði um samist, sem er grundvöllur málsóknarinnar, að stefnandi ynni verkið fyrir stefnda. Þessu mótmælti Óttarr. Á fundinum í nóvember 1995 var Hilmar með uppdrátt af raflögnum hússins, sem fenginn var frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Óttarr kvaðst hafa sagt, að kostnaðaráætlun yrði að liggja fyrir, áður en farið væri út í framkvæmdir, og síðan hefði hann beðið án árangurs eftir að sjá hana og uppdrætti að breytingum. Á fundinum 18. janúar 1996 hefði hann komist að því, að búið var að vinna mjög mikið og kaupa mikið efni. Hann hafi þá sagt, að ekki yrði meira unnið í þessu verki. Sama dag sendi hann f. h. stefnda Ólafi Torfasyni f. h. Garðakaupa hf. svohljóðandi símskeyti: „Eftir fund okkar í morgun er ljóst, að þú hefur hafið framkvæmdir við meiri háttar breytingar á raflögnum Pönglabakka 1. Framkvæmd þessi er gerð án minnar vitundar og samþykkis og kostnaður því allur á þína ábyrgð.“ Aðspurður kvað hann hafa talið eðlilegt, að skeytið væri sent verkbeiðanda og viðskiptavini stefnda fremur en stefnanda. Eftir símhringingu frá Ólafi Torfasyni og til að „skella ekki hurðinni“ kvaðst Óttarr hafa ákveðið, að Benedikt Skarphéðinsson tæknifræðingur

færi á staðinn og gerði tilraun til að komast að því, hvað væri verið að gera og hvers vegna, sbr. símskeyti, sem tilgreint er í 2. kafla dómsins. Benedikt fór á staðinn, og mun það hafa verið 26. janúar 1996 eða a. m. k. einhvern síðustu daga þess mánaðar. Hafði Óttarr eftir honum, að „hann hefði fengið hnefann í andlitið og ekki hægt að semja við mennina um neitt“.

Vitnið Guðmundur Yngvi Pálmason er rafverktaki, sem hefur unnið fyrir Rekstrarfélag Landsbanka Íslands, m. a. við raflögn í Þönglabakka 1. Hann kom til umrædds fundar 18. janúar 1996. Spurður um samskipti Hilmars Bjarnasonar og Óttars Halldórssonar sagði hann, að sér hefði virst sem gert hefði verið „plan“ og um væri að ræða verkfund, þar sem unnið væri að framhaldi.

Vitnið Benedikt Ragnarsson rafeindavirki kvaðst að beiðni Óttars Halldórssonar hafa komið með honum til umrædds fundar í nóvember 1995. Hilmar Bjarnason hafi verið með upphaflega raflagnateikningu hússins, og fram hafi komið, að Ólafur Torfason hafi óskað eftir, að raflögn yrði skipt. Hann kvað Óttar hafa beðið um kostnaðaráætlun og tillögur að breytingunum, þ. e., hvað þyrfti að gera og hvernig.

Vitnið Einar Magnús Kristjánsson rafvirkjavélameistari kom á fundinn 18. janúar 1996 með Óttari Halldórssyni. Þá hafi virst vera byrjað á verki, sem leigjandinn hafði óskað eftir, en aldrei verið komið með umbeðnar tillögur. Hann kvað komið hafa til tals, að hann ynni að verkinu, og hafi Hilmar Bjarnason samþykkt, að svo yrði, en smám saman hafi komið í ljós, að verkið var komið vel á veg og þegar komin um 70% kostnaðar og allt efni naglfast. Þá hafi Óttarr sagt, að tafarlaust skyldi stöðva verkið. Litið hafi verið svo á, að ekki væri unnið á vegum stefnda, og hafi Óttarr ekki viljað, að verið væri að vinna í húsinu að verki, sem hann hafði ekki beðið um.

Vitnið Benedikt Skarphéðinsson byggingartæknifræðingur kvaðst hafa farið á verkstað að beiðni Óttars Halldórssonar, að hann taldi 29. janúar 1996. Þá hafi verið búið að vinna fyrir 649.000 krónur auk virðisaukaskatts, og hafi erindi sitt verið að athuga, hvort raunverulega þyrfti að vinna það, sem verið væri að gera, finna skýringu á fjárhæðinni og réttmæti reiknings og hugsanlega að semja um hlutdeild stefnda. Hann kvaðst hafa farið að þreifa á verðlagningunni, en viðræður við Hilmar Bjarnason hefðu orðið árangurslausar; hann hefði „fengið hnefann í andlitið“. Við svo búið hafi hann farið og sagt Óttari Halldórssyni þær málalyktir, að menn hefðu skilist án þess, að samist hefði.

Með vísun til framanritaðs er niðurstaða dómsins sú, að af hálfu stefnanda hafi sönnur ekki verið færðar að því, að svo hafi um samist við

stefnda, að stefnandi skyldi vinna fyrir hann það verk, sem um ræðir í málinu, eða að forsvarsmaður stefnda hafi gefið forsvarsmanni stefnanda réttmæta ástæðu til að ætla, að svo væri. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst alls 200.000 krónur.

Mál þetta dæma Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari og meðdómendurnir Atli Ólafsson byggingariðnfræðingur og Kristinn A. Jóhannesson rafmagnstæknifræðingur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Arnarborg hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Hilmars Bjarnasonar ehf.

Stefnandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað.
